

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

4. fundur 2025 (135. fundur)

FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 26. júní 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Formaður setur fundinn og gengur til dagskrár.

1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar: Vinnslutillaga.

Til kynningar: Fram kemur að auglýsing á vinnslutillögu, sbr. 1. tl. 134. fundar, hefur verið birt í Víkurfréttum 25. júní. Gögn eru í Skipulagsgátt, mál nr. 567/2023, og umsagnarbeiðnir farnar út. Vinnslutillagan verður í kynningu til 20. ágúst.

2. NA svæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting – yfirferð á tillögu eftir auglýsingu.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem felst í að skilgreina nýja 900 m² lóð fyrir varaaflsstöð og nýja 1200 m² lóð fyrir neyðarkyndistöð með viðeigandi tækja- og tengibúnaði. Lóðin Pétursvöllur 34 fellur að sama skapi niður sem og heimild um að reisa aðkomuhús og þjónustuhlið, sbr. 5. tl. 133. fundar. Mál nr. 604/2025 í skipulagsgátt. Tillaga var í auglýsingu til 13. júní.

Viðbrögð bárust frá Suðurnesjabæ, Reykjanesbæ, Landhelgisgæslunni og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Engar athugasemdir voru gerðar en Landhelgisgæslan bendir á að ef farið er inn á helgunarsvæði olíulagnar þarf að afla sérstaks framkvæmdaleyfis og vinna verk í samráði við Landhelgisgæsluna. Heilbrigðiseftirlitið benti á að um starfsleyfis-skilda starfsemi á vegum Isavia er að ræða og samþykki þess þyrfti fyrir mengunarvörnum.

Lagðar eru til að nokkrar stafsetningar og orðlagsbreytingar séu gerðar á uppdrætti eftir auglýsingu. Engar efnislegar breytingar.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir skipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa afgreiðslu hennar í samræmi við ákvæði 43. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem felst í skilgreiningu lóðar undir vatnsöflun, lóða við Smyrilsvöll, bílastæða við Gæsavöll, auglýsingaskilti og færslu á lóð fyrir spennistöð, sbr. 3. tl. 134. fundar.

Lagt er fram minnisblað Isavia í framhaldi af ósk nefndarinnar um frekari upplýsingar um val á stað fyrir vatnstanka.

Einnig er lagt til að lóð fyrir spennistöð sé hnikað út fyrir lagnabelti og byggingarmagn aukið.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir að óska eftir frekari kynningu á tillögunni frá Isavia. Samhliða verði breytingartillagan auglýst og kynnt í samræmi við ákvæði 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynningartími verði átta vikur.

4. Fálkavöllur 13, deiliskipulagsbreyting – samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.

Til kynningar: Fram kemur að deiliskipulagsbreytingin, sbr. 2. tl. 134. fundar, var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 16. júní s.l. og tók þegar gildi.

5. Ný framkvæmdaleyfi útgefin frá síðasta fundi – lagt fram.

Til kynningar:

1. Þann 13. júní 2025 endurnýjaði skipulagsfulltrúi framkvæmdaleyfi vegna settjarnar og olíuskilju austur af skýli 885 við Háaleitishlað, sbr. 6. tl. 134. fundar.
2. Þann 25. júní 2025 gaf skipulagsfulltrúi út framkvæmdaleyfi vegna aðreinar og tengingar við Reykjanesbraut, sbr. 5. tl. 134. fundar.

6. Svæðisskipulag Suðurnesja, tillaga til samþykktar í auglýsingu.

Lögð er fram til samþykktar tillaga Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2024-2040, sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir að tillagan sé send til auglýsingar.

7. Önnur mál.

Skipulagning varnarsvæði.

Kynntar voru lauslega hugmyndir LHG um mögulega uppbyggingu á vesturhluta öryggissvæðisins. Nánari kynning síðar.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 28. ágúst 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:15.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>